

Fundarnúmer:	548
Dagsetning:	07.07.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

548. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. júlí 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5.

Dagskrá:

1. Viðræður við verkstjóra áhaldahúss og forstöðumann tæknideildar.
2. Kennslukostnaður nemanda við Tónlistarskóla Akureyrar.
3. Bréf Jóns Inga Björgvinssonar.
4. Fundargerð stjórnar SSNV frá 24. júní sl.
5. Erindi Júlíusar M. Baldurssonar.
6. Bréf Sjávarútvegsráðuneytisins.

Afgreiðslur:

1. Til viðræðna við byggðarráð eru mættir forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss. Farið yfir stöðu verkefna m.a. við flotbyggju, leikskólalóð, grunnskóla, Reykjaskóla, sundlaug, hitaveitu í hesthúsahverfi, vatnsveitu og fráveitu í Bakkatúni og Hallartröð, malbikun gatna, endurnýjun Hvammstangabrautar, gangstétt á bílastæði leikskólans o.fl. Farið yfir ástand og viðhaldspörf aðveitukerfis vatnsveitu á Hvammstanga.

2. Kennslukostnaður nemanda við Tónlistarskóla Akureyrar. Byggðarráð samþykkir að Húnaþing vestra hafi ekki greiðsluskyldu á kennslukostnaði nemanda við Tónlistarskóla Akureyrar, en námið er metið til eininga á tónlistarbraut Menntaskólans á Akureyri. Byggðarráð hafnar því jafnframt að umræddur nemandi hafi greiðsluskyldu vegna kennslukostnaðarins og að viðkomandi hafi ranglega verið sendur greiðsluseðill vegna þess kostnaðar, sbr. álit umboðsmanns Alþingis mál nr. 4650/2006 og mál nr. 4729/2006.

3. Fram lagt eftirfarandi bréf Jóns Inga Björgvinssonar: frá 27. júní 2008:

„Ég undirritaður óska eftir skýringu á bókun sem gerð var á 542. fundi Byggðarráðs þar sem fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Odds Sigurðarsonar, í Byggðarráði Húnaþings vestra var bókuð, bókunin er vegna þjónustusamnings í Kirkjuhvammi þar sem bókaðar eru 12 fyrirspurnir í fleiri en einum lið. Ég óska skýringu vegna hvers þetta mál er bókað í svona mörgum liðum frekar en önnur erindi eða fyrirspurnir sem berast til Húnaþings vestra? Í samþykktum um stjórn og fundarskóp Húnaþings vestra í 31. gr. segir að sveitarstjórnarmaður eigi rétt á að fá bókað stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í sveitarstjórn.

Ég var verktaki af þessum þjónustusamningi og samstarf mitt við eftirlitsmann sveitarfélagsins var mjög gott og ríkti traust okkar á milli.

Ég óska eftir að þetta erindi verði bókað í fundargerð og einnig svar við því.

Svar óskast á næsta byggðarráðsfundi“

Vegna fyrirspurnar Jóns Inga Björgvinssonar skal frá því greint að í sveitarstjórnarlögum er ekki að finna beint ákvæði um rétt sveitarstjórnarmanna til fyrirspurna þ.e. hver sá réttur er né hvernig fyrirspurnir skulu formaðar eða fram settar en hins vegar á sveitarstjórnarmaður ávallt rétt á aðgengi að upplýsingum um málefni er varða rekstur sveitarfélagsins. Í kjölfar framangreinds bréfs fór fram umræða í byggðarráði um fundarskóp og ritun fundargerða.“

4. Lögð fram til kynningar fundargerð SSNV frá 24. júní 2008.

5. Lagt fram bréf frá Júlíusi Má Baldurssyni dags. 26.júní 2008, þar sem hann fer fram á styrk til að setja upp ristarhlið við heimkeyrsluna að Tjörn á Vatnsnesi. Byggðarráð hafnar erindinu og vísar bréfitara á að leita til eiganda jarðarinnar.

6. Lagt fram bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu dags. 27. júní 2008 um úthlutun byggðakvóta. Erindinu frestað til næsta fundar byggðarráðs þann 14. júní n.k. Samþykkt að taka á dagskrá.

7. Lögð fram fundargerð 147. fundar skipulags-og umhverfisráðs frá 3. júlí 2008..
Fundargerðin er í fjórum liðum. Byggðarráðið samþykkir fundargerðina.

Fundargerð upplesin og samþykkt.